

## TILSKIPUN RÁÐSINS 93/52/EBE

frá 24. júní 1993

**um breytingu á tilskipun 89/556/EBE um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á viðskipti innan bandalagsins og innflutning frá þriðju löndum á fósturvísnum húsdýra af nautgripakyni**

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 43. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins <sup>(2)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Með 1. gr. tilskipunar ráðsins 89/556/EBE frá 25. september 1989, um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á viðskipti innan bandalagsins og innflutning frá þriðju löndum á fósturvísnum húsdýra af nautgripakyni <sup>(3)</sup>, eru fósturvísar sem hafa orðið til með sérstakri tækni undanskildir frá gildissviði nefndrar tilskipunar. Heimilt er að stunda viðskipti með og flytja inn fósturvísna sem á að meðhöndla með tækni sem felur í sér gegnflæði egghýðisins („*zona pellucida*“) ef tæknin uppfyllir skilyrði nefndrar tilskipunar áður en meðhöndlunin fer fram og að uppfylltum tilteknum viðbótaröryggisráðstöfunum. Einnig er heimilt að stunda viðskipti með eða flytja inn fósturvísna sem verða til með frjóvgun í glasi, að uppfylltum viðeigandi öryggisráðstöfunum.

Með viðbótaröryggisráðstöfunum er krafist breytinga á viðaukunum og skal framkvæmdastjórnin annast þær samkvæmt 16. gr. tilskipunar 89/556/EBE.

Gera ber aðrar breytingar á tilskipuninni til að skýra nánar stöðu sæðis sem notað er til frjóvgunar á eggjum og með tilliti til nýrrar stefnu varðandi gin- og klaufaveiki í bandalaginu.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*1. gr.*

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á tilskipun 89/556/EBE:

1. Í stað 2. mgr. 1. gr. komi eftirfarandi:

„2. Þessi tilskipun gildir ekki um fósturvísna sem verða til við flutning frumkjarna.“

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. C 63, 5. 3. 1993, bls. 11.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB nr. C 150, 31. 5. 1993.

<sup>(3)</sup> Stjttíð. EB nr. L 302, 19. 10. 1989, bls. 1. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 90/425/EBE (Stjttíð. EB nr. L 224, 18. 8. 1990, bls. 29).

2. Eftirfarandi bætist við 2. gr.:

„g) „hópur sem annast framleiðslu á fósturvísnum“: opinberlega viðurkenndur hópur sem annast frjóvgun í glasi í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í viðkomandi viðauka.“

3. Í stað fyrsta undirliðar a-liðar 3. gr. komi eftirfarandi:

„a) Þeir skulu hafa orðið til við gervifrjóvgun eða frjóvgun í glasi með sæði úr gjafatarfi frá sæðisstöð sem hefur hlotið viðurkenningu lögbærra yfirvalda til að safna, meðhöndla og geyma sæði eða með sæði sem er flutt inn í samræmi við tilskipun 88/407/EBE (\*).“

(\*) Stjttíð. EB nr. L 194, 22. 7. 1988, bls. 10. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 90/425/EBE (Stjttíð. EB nr. L 224, 18. 8. 1990, bls. 29).“

4. Ákvæði 4. gr. falli niður.

5. Eftirfarandi bætist við í 5. gr.:

„2. a Ekki skal veita hópi sem annast framleiðslu á fósturvísnum sem verða til við frjóvgun í glasi viðurkenningu nema hann uppfylli ákvæði viðkomandi viðauka við þessa tilskipun og uppfylli hann önnur ákvæði þessarar tilskipunar sem máli skipta, einkum ákvæði 1. og 2. mgr. þessarar greinar sem eiga að gilda að breyttu breytanda.“

6. Í stað 3. mgr. 9. gr. komi eftirfarandi:

„3. Þegar sett eru ákvæði um heilbrigði dýra varðandi gin- og klaufaveiki, í samræmi við 1. mgr., skal tekið tillit til eftirfarandi:

— aðeins má flytja inn frosna fósturvísna frá þriðju löndum þar sem bóttusett er gegn gin- og klaufaveiki. Fósturvísarnir skulu geymdir við viðurkennd skilyrði í að minnsta kosti 30 daga fyrir sendingu,

— gjafar skulu koma frá bújörð þar sem ekkert dýr hefur verið bólusett gegn gin- og klaufaveiki næstliðna 30 daga fyrir töku og sem ekki sætir banni eða aðgerðum vegna sóttvarna.“

7. Í stað 11., 12. og 13. gr. komi eftirfarandi:

„11. gr.

Meginreglur og reglur sem mælt er fyrir um í tilskipun 90/675/EBE (\*) skulu gilda, einkum að því er varðar skipulag eftirlits sem aðildarríkin framkvæma og fylgja eftir og öryggisráðstafanir sem á að framkvæma.

---

(\*) Stjtið. EB nr. L 373, 31. 12. 1990, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð (EBE) nr. 1601/92 (Stjtið. EB nr. L 173, 27. 6. 1992, bls. 13).“

2. gr:

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 1. janúar 1994. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um mál-efni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr:

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 24. júní 1993.

*Fyrir hönd ráðsins,*

B. WESTH

*forseti.*